

Frádráttur þessi skal ekki reiknast af reiknuðu endurgjaldi sem fært er til gjalda. Hvorki má mynda rekstrartap vegna frádráttar samkvæmt þessu sérstaka frádráttarákvæði né nota það til að fresta yfirlæslu rekstrartaps frá fyrri árum.

Gjört í Reykjavík 28. desember 1990.

Vigdís Finnbogadóttir.

(L. S.)

Ólafur Ragnar Grímsson.

LÖG

um Útflutningsráð Íslands.

FORSETI ÍSLANDS

gjörir kunnugt: Að Alþingi hefur fallist á lög þessi og ég staðfest þau með samþykki mínu:

1. gr.

Útflutningsráð Íslands hefur það hlutverk að koma á auknu samstarfi fyrirtækja, samtaka og stjórnvalda í málum er lúta að eflingu útflutnings og veita útflytjendum alhliða þjónustu og ráðgjöf í því skyni að greiða fyrir og auka útflutning á vöru og þjónustu. Enn fremur skal Útflutningsráð vera stjórnvöldum til ráðuneytis í málum sem varða utanríkisviðskipti Íslendinga.

2. gr.

Heimili og varnarþing Útflutningsráðs skal vera í Reykjavík.

3. gr.

Tekjur Útflutningsráðs eru:

- a. 0,05% af aðstöðugjaldsstofni fiskvinnslu, iðnaðar og byggingarstarfsemi,
- b. 0,03% af aðstöðugjaldsstofni fiskveiða,
- c. 0,01% af aðstöðugjaldsstofni flutninga á sjó og flugrekstrar, þó ekki strandflutninga eða innanlandsflugs, og þeirra aðila í öðrum atvinnugreinum sem kjósa sjálfir að gerast aðilar að Útflutningsráði,
- d. framlag ríkissjóðs,
- e. þóknun fyrir veitta þjónustu,
- f. sérstök framlög og aðrar tekjur.

Um álagningu gjalds skv. a-, b- og c-lið skal fara eftir IV. kafla laga nr. 91/1989, um tekjustofna sveitarfélaga, með síðari breytingum. Innheimtuaðilar aðstöðugjalda skulu innheimta gjald þetta og ber þeim að skila því mánaðarlega til Útflutningsráðs Íslands. Gjaldlið er lögtakskræft.

4. gr.

Útflutningsráð skal opið öllum aðilum sem flytja út vörur og þjónustu eða afla gjaldyris á annan hátt, svo og samtökum atvinnugreina. Allir þeir aðilar, sem greiða til ráðs-

ins skv. 3. gr. þessara laga, verða sjálfkrafa félagar. Af hálfu stjórnvalda eiga aðild að Útflutningsráði utanríkisráðuneyti, iðnaðarráðuneyti, landbúnaðarráðuneyti, samgönguráðuneyti, sjávarútvegsráðuneyti og viðskiptaráðuneyti.

5. gr.

Stjórn Útflutningsráðs skipa tíu menn sem valdir eru til tveggja ára í senn. Samtök atvinnurekenda í sjávarútvegi tilnefna þrjá menn og Félag íslenskra iðnrekenda og Landsamband iðnaðarmanna tilnefna sameiginlega þrjá menn, Ferðamálaráð tilnefnir einn mann, Verslunarráð Íslands tilnefnir einn mann og utanríkisráðherra og samgönguráðherra tilnefna einn mann hvor. Sömu aðilar skulu einnig tilnefna varamenn, þó þannig að iðnaðarráðherra tilnefni varamann fyrir þann fulltrúa sem samgönguráðherra tilnefnir og sjávarútvegsráðherra fyrir þann fulltrúa sem utanríkisráðherra tilnefnir. Utanríkisráðherra skipar stjórnina samkvæmt tilnefningu ofangreindra aðila.

Stjórnin kýs sér formann og skiptir að öðru leyti með sér verkum. Stjórnin skipuleggur og ákveður verkefni Útflutningsráðs.

6. gr.

Útflutningsráð skal starfrækja skrifstofu sem annast öll dagleg störf og þau verkefni er stjórnin tekur ákvörðun um. Skrifstofan skal hafa sjálfstæðan fjárhag og reikningshald. Hún skal undanþegin opinberum gjöldum og sköttum til ríkissjóðs og sveitarfélaga. Stjórnin ræður framkvæmdastjóra og ákveður laun og önnur starfskjör hans. Framkvæmdastjóri ræður annað starfsfólk. Stjórnin ákveður gjaldskrá fyrir þjónustu skrifstofunnar. Þess skal gætt að útseld þjónusta standi að mestu leyti undir kostnaði við þau störf sem unnin eru samkvæmt beiðni einstakra útflytjenda.

7. gr.

Útflutningsráði skal heimilt að ráða viðskiptafulltrúa sem starfa á skrifstofum Útflutningsráðs erlendis eða í sendiráðum að höfðu samráði við utanríkisráðuneytið. Um aðstöðu þeirra við sendiráð Íslands skal semja við utanríkisráðuneytið. Um skipan þeirra, stöðu og starfskjör setur stjórn ráðsins sérstakar reglur. Útflutningsráði er einnig heimilt að ráða eða styrkja menn til starfa erlendis í þágu þeirrar starfsemi sem ráðið sinnir.

8. gr.

Utanríkisráðherra getur samkvæmt tillögum stjórnar Útflutningsráðs sett nánari ákvæði um skipulag og starfsemi Útflutningsráðs í reglugerð.

9. gr.

Við gildistöku laga þessara falla úr gildi lög nr. 38/1986, um Útflutningsráð Íslands, og lög nr. 7/1988, um breytingu á þeim lögum.

10. gr.

Lög þessi öðlast gildi 1. janúar 1991.

Gjört að Bessastöðum, 31. desember 1990.

Vigdís Finnbogadóttir.

(L. S.)

Jón Baldvin Hannibalsson.